

Verkefni 3 úr kafla 5 og 6.

1. Segðu frá líffræðilegri öldrun heyrnar (sjá einnig bls. 27 í k.1)
2. Hver er oft fyrsta ástæða heyrnataps (sem æskilegt er að skoða, því hægt er að leysa vandamálið nokkuð auðveldlega)?
3. Segðu frá birtingarmynd og orsök elliheyrnardeyfu.
4. Segðu frá birtingarmynd og orsök eyrnasuðs.
5. Hvaða þætti er gott fyrir fagfólk í hjúkrun að tileinka sér í samskiptum við fólk með heyrnaskerðingu?
6. Segðu frá líffræðilegri öldrun augnanna (sjá einnig bls. 27 í k.1)
7. Segðu frá birtingarmynd og orsök ellifjarsýni.
8. Segðu frá birtingarmynd og orsök drers (cateract).
9. Segðu frá birtingarmynd og orsök gláku (glaucoma).
10. Segðu frá birtingarmynd og orsök AMD.
11. Hvað er svona slæmt við augnþurrk?
12. Hvernig getur maður lagt mat á sjónskerðingu aldraðra?
13. Hver er skilgreiningin á byltu?
14. Segðu eitthvað frá algengi byltna.
15. Hverjir eru í mestri byltuhættu?
16. Hversu stór hluti *óvæntra atvika* eru byltur?
17. Hvaða líkamlegu og andlegu þættir geta fylgt byltum?
18. Hvaða áverkar eru algengastir í byltum?

19. Hvaða tíma dags eiga flestar byltur sér stað? Hvað er það algengast sem fólk er að gera þegar bylta á sér stað?
20. Nefndu helstu innri og ytri áhættuþætti byltna. Nefndu hvað er hægt að gera til að fyrirbyggja einhverja þætti.
21. Hver er *eini* sértæki forvarnarþáttur sem getur dregið úr byltuhættu?
22. Nefndu a.m.k. 7 þætti sem skoðaðir væru í heimilisathugun varðandi byltuhættu.